

Ed.

316. Frumvarp til laga

[175. mál]

um fjarvistarrétt foreldra vegna veikinda barna.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Peir sem rétt eiga til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla samkvæmt ráðningarsamningi eða samkvæmt lögum nr. 16 9. apríl 1958, með síðari breytingum, njóta réttar samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Heimilt er foreldri að ráðstafa allt að einni viku árlega af áunnum rétti sínum til fjarvistar vegna veikinda til að vera frá vinnu vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum veikindaforföllum greiðast starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag samkvæmt reglubundinni varðskrá.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í tengslum við kjarasamninga opinberra starfsmanna haustið 1982 var samþykkt að veita félagsmönnum BSRB og BHM heimild til að nota hluta af veikindaleyfi sínu til að vera frá vinnu vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri.

Ári áður hafði verið fallist á sams konar ákvæði í samningum ríkisins við starfsmannafélagið Sókn.

Heimild innan vissra marka til að sinna veikum börnum er eðlilegur réttur foreldra og sanngjarn að slík ákvæði nái til allra launamanna. Því er frumvarp þetta flutt.

Samkvæmt 1. gr. ná þessi réttindi til þeirra sem eru í fastri vinnu, þ. e. hafa ákveðinn uppsagnarfrest eða hafa verið hjá sama atvinnurekanda í a. m. k. eitt ár, sbr. l. nr. 16 9. apríl 1958, þar sem eitt vinnuár er skilgreint sem a. m. k. 1800 vinnustundir á seinustu 12 mánuðum.

Ákvæði 2. gr. er nokkurn veginn samhljóða yfirlýsingu fjármálaráðherra 3. september 1982 í tengslum við aðalkjarasamning BSRB sem birtist hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

**Yfirlýsing með aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og BSRB
3. september 1982, 1. töluliður.**

YFIRLÝSING:

Fjármálaráðherra mun í framhaldi af endanlegri staðfestingu aðalkjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra, dags. í dag, gefa út reglugerð um breyting á reglugerð nr. 87/1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins, þannig að við bætist ný grein er hljóði svo:

Heimilt er öðru foreldra að ráðstafa allt að einni viku árlega af áunnum rétti sínum til fjarvistar vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum veikindaforföllum greiðast starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag samkvæmt reglubundinni varðskrá.